

Skipulagsstjóri Sveitarfélagsins Hornafjarðar
Gunnlaugur Róbertsson
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Hornafirði 15. janúar 2018
nr. erindis 201709318

Málefni: Beiðni um umsögn: Deiliskipulagstillaga Skjólshólar, Hornafirði

Beiðni barst til Náttúrustofu Suðausturlands í nóvembermánuði 2017 um að gera umsögn um deiliskipulags-tillögu vegna Skjólshóla í Hornafirði. Þar er ætlunin að koma upp sjö litlum gistihúsum ásamt aðstöðu til að þjónusta þau.

Við á Náttúrustofu Suðausturlands lýsum ánægju með að leitað skuli til okkar hér í héraði með slíkar óskir. Enda á stofnunin, samkvæmt lögum, að veita ráðgjöf á þeim sviðum er varða náttúrufar, m. a. varðandi verndun og nýtingu. Í megindráttum höfum við engar sérstakar athugasemdir um deiliskipulagstillöguna vegna umrædds svæðis, en viljum þó benda á nokkur atriði sem gæta þyrfti að.

Á uppdrætti sem sjá má á vef Sveitarfélagsins Hornafjarðar er sýnd afstaða svæðisins miðað við núverandi þjóðveg og fjarlægð frá honum. Ekki er sýnd afstaða frá væntanlegum þjóðvegi, eða fjarlægð frá honum. Rétt væri að hafa þann veg einnig inni á skipulaginu og sýna þar aðkomu frá væntanlegum þjóðvegi, ef hún er fyrirhuguð.

Á uppdrættinum má einnig sjá hæðarlínur landsins sem um ræðir. Landið liggur frekar lágt og skurðir tengja það við Flóann. Rétt væri að skoða flóðasögu svæðisins til að meta hvort vatnshæð hæstu flóða gæti mögulega haft áhrif á svæðinu.

Á uppdrættinum má einnig sjá staðsetningu á rotþró. Landlyfting við sunnanverðan Hornafjörð er um 1,4 mm á ári en um 2,5 mm/ár næst jöklum. Því mun þetta svæði að líkindum hækka um a.m.k. 70 cm á næstu 50 árum. Lagt er til að svæðið sem rotþrónni verður fundinn staður verði syðst, til að hallinn frá húsum að henni verði ávallt réttur um næstu 50-100 árin.

Að síðustu viljum við benda á orðalag, en í textanum með uppdrættinum er talað um Náttúrufræðistofu Suðausturlands. Þar er ofaukið orðinu „fræði“.

Á uppdrættinum er bókstafurinn A inni í þríhyrningi. Ekki er nein útskýring á því hvað um ræðir.

Gert á Höfn í Hornafirði 15. janúar 2018
Kristín Hermannsdóttir og Snævarr Guðmundsson
Náttúrustofu Suðausturlands

